



Seltjarnarnesi, 1. mars 2021

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) lýsir yfir ánægju með þær áherslubreytingar sem orðnar eru í lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 hvað afgangur af glæpavæðingu neysluskammta varðar. LFÍ telur mikilvægt að nálgast málefni þeirra sem eiga í vanda vegna notkunar eða misnotkunar vímuefna með skaðaminnkun og mannvirðingu að leiðarljósi. Líta ber á fíkla sem sjúklinga (heilbrigðisvandi) í stað brotamanna (lögreglu- eða refsivörslumál).

Um er að ræða umfangsmiklar breytingar sem mikilvægt er að fylgja eftir og meta áhrif. LFÍ lýsir yfir vilja til þess að koma að slíku mati sem og frekari vinnu vegna þessa mikla heilbrigðisvanda.

LFÍ hvetur jafnframt til þess að áratuga gömul lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð um ávana- og fíknilyf nr. 233 frá 2001 verði endurskoðuð í heild sinni.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Lyfjafræðingafélags Íslands,

Inga Lilý Gunnarsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands